

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins fyrir nauðsynlegt umframeftirlit skv. 7. gr. laga nr. 99/1999.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðilum sem gert er að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit, sbr. 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. gr.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir eftirlitsskyldum aðila um ákvörðun skv. 7. gr. laga nr. 99/1999.

3. gr.

Fyrir vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins við umframeftirlit skal greiða tímagjald sem nemur kr. 12.500.

4. gr.

Greiða skal útlagðan kostnað vegna umframeftirlits, s.s. aðkeypta sérfræðiaðstoð og ferðakostnað.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 7. gr. laga nr. 99/1999. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 541/2006, um sama efni.

Fjármálaeftirlitinu, 27. janúar 2009.

Ragnar Hafliðason.

Páll Friðriksson.